



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hátíðarkvöldverði
Margrethe II Danadrottningar
Amalienborg
24. janúar 2017**

Yðar hátign, Margrét drottning,
og yðar konunglega tign Hinrik prins.

Ég færi Yður kveðju frá Íslandi og Íslendingum. Margt hefur breyst frá því að forverar mínir í embætti forseta Íslands þáðu boð á sinni tíð um opinbera heimsókn til Danmerkur. Öll voru þau fædd þegar Ísland var konungsríki, tengslin við Danska konungsríkið nánari en nú. Kaupmannahöfn var höfuðborg Íslands fram á síðustu öld og helsta miðstöð viðskipta og æðri menntunar. Verkmennt Íslendinga átti rætur sínar að miklu leyti í Danmörku og hvunn dagsmenning sömuleiðis. Dönsku blöðin voru lesin á mörgum heimilum og ég man eftir eldra fólki sem brúkaði dönsk orð eins og fortó og stakket.

Í dag skilur unga kynslóðin örugglega ekki hvað þau orð merkja, við tölum núna um „gangstétt“ og „grindverk“. Dönsku blöðin hafa vikið fyrir annarri afþreyingu – sjálfur var ég líklega meðal síðustu barnanna á Íslandi sem biðu spennt eftir nýju Andrésblaði á dönsku. Danska er ekki lengur fyrsta erlenda tungumálið sem Íslendingar læra í skóla, Kaupmannahöfn ekki lengur höfuðtenging okkar við umheiminn. Tengslin hafa því minnkað á ýmsum sviðum.

En ræturnar eru sterkar og áhugi okkar á Danmörku er enn ósvikinn, enda er saga Dana og samtíð fróðleg, viðburðarík og um margt til eftirbreytni. Byrjum á sögunni. Í stórfróðlegri og skemmtilegri nýrri bók um Dani og hinar djúpu rætur þeirra í eigin sögu og landi, minnst Yðar hátign á nauðsyn þess að minningum um liðna tíð sé miðlað þannig að frásögnin verði spennandi og skemmtileg. Í dag eru myndrænar leiðir líklegastar til að ná athygli fjöldans. Um það vitna til dæmis danskar

sjónvarpsþáttaraðir sem hafa slegið í gegn á Íslandi, Matador, Króniken og 1864, þeir umdeildu þættir.

Sagan er nefnilega lifandi eins og Yðar Hátign nefndi réttilega í bókinni um rætur Dana, völdugt vopn í þjóðfélagssumræðu líðandi stundar. Á sínum tíma notuðu Íslendingar söguna í sjálfstæðisbaráttu sinni. Það verður að segjast eins og er að Danir komu ekki alltaf vel út í þeirri útgáfu hennar. Í dag sér fólk söguna í öðru ljósi, bæði sérfræðingarnir og almenningur allur. Flestir átta sig á að átakalínurnar á Íslandi nítjándu aldar lágu ekki aðeins milli þjóðhollra Íslendinga og danska valdakerfisins. Á Íslandi bárust vindar frjálslyndis frá Danmörku og víðar í Evrópu en íhaldssamir bændur og embættismenn stóðu gegn auknum réttindum almúgans.

Í báðum löndum er líka viðurkennt í dag að aðskilnaður ríkjanna tveggja í seinni heimsstyrjöld olli skiljanlega sárindum hér í Danmörku, einkum í huga Kristjáns X, afa Yðar hátignar. Jafnframt hefði Sveinn Björnsson, okkar fyrsti forseti, ugglaust kosið að lýðveldisstofnun biði stríðsloka. En vart verður sagt að Danir hafi hugsað okkur þegjandi þörfina. Íslendingar muna vel það einstaka drengskaparbragð Dana þegar þið afhentuð okkur íslensk handrit úr safni Árna Magnússonar, skiluðuð í okkar hendur þessum ritverkum sem eru á margan hátt kjarni og uppistaða í menningararfi Íslendinga. Á móti teljum við okkur til tekna að hafa alla tíð varðveitt danska tungu; íslenski sagnaritarinn Snorri Sturluson skrifaði um konunga sem réðu ríkjum á Norðurlöndum og mæltu á „danska tungu“.

Samvinna og vinátta Dana og Íslendinga mun áfram gagnast ríkjunum báðum á nýrri öld. Ég tók eftir því á nýliðnu ári að „Danskhed“ var þá valið orð ársins í Danmörku. Í fyrra völdu íbúar Danmerkur jafnframt leiðarljós til framtíðar í Danmerkurkanón. Má þar helst nefna jafnrétti og frjálslyndi, frelsi til orðs og æðis, velferðarsamfélag og umburðarlyndi, að ógleymdu hugtakinu „hygge“ sem við eigum reyndar ekki íslenskt orð yfir en vitum samt vel hvað Danir meina með því.

Ég leyfi mér líka að vitna til orða Ingiríðar, móður Yðar hátignar, sem taldi það mjög danskt að yppta öxlum og segja með bros á vör: „Áhh, det går nok!“ Aftur vitum við Íslendingar mætavel við hvað er átt en hér eigum við þýðingu á reiðum höndum, reyndar dönskuskotna: „Ah, þetta reddast!“

Það eru líklega umfram allt hin sameiginlegu gildi og hugsjónir, sem skýra hvað best þau nánú tengsl sem enn vara milli ríkjanna tveggja, Íslands og Danmerkur, þótt hið formlega ríkjamband heyri sögunni til. Og samband landanna er ennþá náð eins og þeir mörgu fulltrúar íslensks viðskiptalífs, sem fylgja mér í þessari heimsókn, geta vitnað um. Auk

Þess er Ísland eina landið utan hins danska ríkis þar sem danska er skyldufag í skólum og enn er það svo að fleiri Íslendingar búa í Danmörku en í öðrum löndum. Ég hef áður minnst á sjónvarpsefnið vinsæla og bæti hér við Borgen – þeir þættir réðu því að mér fannst ég geta ratað um sali Kristjánsborgarhallar fyrir í dag. Loks má nefna gagnkvæman áhuga á bókmenntum þjóðanna, fornum sem nýjum sem birtist meðal annars í heildarútgáfu á verkum íslenskra rithöfundarins Einars Más Guðmundssonar. Það var mér líka mikil ánægja að afhenda fyrir í dag 700 eintök af Íslendingasögum í nýrri danskri þýðingu sem ætluð eru bókasöfnum, gjöf frá Íslendingum með stuðningi frá burðarfyrirtækjum á Íslandi

Já, við eigum okkar djúpu rætur, saman og hvorir um sig, Íslendingar og Danir. Við megum horfa bjartsýn fram á veg, tvær þjóðir með sjálfstraust sem þurfa síst á tortryggni og ótta að halda; þjóðir sem þora að þróast, mótast og breytast í nýjum heimi en verja um leið sinn sögulega menningararf og grundvallarréttindi allra sinna borgara.

Ég bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glasi til heiðurs hennar hátign, Margréti drottningu.